



## Fundargerð – 531. stjórnarfundur Kólku

Fundur í stjórn Kólku sorpeyðingarstöðvar sf. var haldinn þriðjudaginn 14. desember 2021, kl. 16:30. Fundurinn var haldinn í Kólku og með fjarfundarsniði.

Mættir: Önnundur Jónasson sem stýrði fundi og ritaði fundargerð, Ásrún Kristinsdóttir, Inga Rut Hlökkversdóttir, Laufey Erlendsdóttir og Steinþór Þórðarson.

Dagskrá:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra.
2. Sérstakar gjaldskrárbreytingar 2022.
3. Verklök stýrihóps um forverkefni nýrrar sorpbrennslu.
4. Undirbúningur gildistöku nýrra laga um meðhöndlun úrgangs 1. janúar 2023.
5. Önnur mál.

### 1. Skýrsla framkvæmdastjóra:

1. Öryggismál: Nokkur atvik hafa verið skráð frá síðasta fundi en ekki alvarleg. Mjög jákvætt er að sjá skráningum mála fjölga í atvikaskráningum en það gefur kost á fyrirbyggjandi aðgerðum.
2. Afköst brennslu í nóvember voru um 1551 kg. á klst. að jafnaði. Brennsla spilliefna var að meðaltali 3,1 tonn á sólarhring. Brennt magn er þegar orðið meira á árinu en það var allt árið í fyrra. Stefdir í 12.500 tonn á árinu sem verður þá 10 ára met.
3. Framkvæmdastjóri kynnti að Java kóði sem veldur miklum titringi í tækniheimum þessa dagana sé ekki á vefþjóni Kólku og á heldur ekki að vera á þjónum samstafaðila, skv. upplýsingum frá þeim.

### 2. Sérstakar gjaldskrárbreytingar.

Framkvæmdastjóri kynnti yfirstandandi verkefni við endurskoðun á nokkrum liðum í gjaldskrá fyrir 2022. Gjaldskráin er að öðru leyti frágengin. Legið hefur fyrir að gjaldskrá urðunar hjá Sorpu hefur hækkað mikið, annað árið í röð. Starfsmenn Kólku hafa unnið að því í desember að rýna hlut urðunar í efnisstraumum frá fyrirtækinu. Sértækar breytingar eru lagðar til í því skyni að hindra að tap verði á þeirri þjónustu sem Kalka veitir við að miðla efni til urðunar. Gjaldskrárhækkun frestað til samþykktar næsta fundar. Endurskoðun gjaldskrár með tilliti til umhverfismarkmiða Kólku og áherslu á enn frekari flokkun.

### 3. Verklök stýrihóps um forverkefni nýrrar sorpbrennslu.

Á morgun, 15. desember, skilar stýrihópurinn skýrslu sem þegar hefur verið kynnt í áföngum á opnum fundum hópsins. Framkvæmdastjóri stiklaði á stóru um niðurstöðurnar til almennrar umræðu í stjórn og mun fylgja þróun verkefnisins eftir.

### 4. Undirbúningur gildistöku nýrra laga um meðhöndlun úrgangs 1. janúar 2023.

Framkvæmdastjóri fór yfir, til kynningar, yfirstandandi vinnu á ýmsum vettvangi vegna mikilla breytinga sem framundan eru á úrgangsméðhöndlun á Íslandi.

### 5. Önnur mál:

Ásrún bar upp erindi sem barst til hennar frá íbúa.

Ósk um að flokkunarhlutfall frá heimilum sé aðgengilegt á heimasíðu Kólku.  
Málið hefur verið í vinnslu innan stjórnar s.l. mánuði ásamt ýmsum verkefnum sem ætlað er að auka upplýsingaflæði til íbúa. Framkvæmdastjóra falið að koma verkefninu í vinnslu þar sem flokkunarhlutföll eru birt eftir íbúasvæðum.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 18:30.  
Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 11. janúar 2022.

Fundargerð samþykkt með undirskriftum.

---

Önundur Jónasson

---

Ásrún Kristinsdóttir

---

Laufey Erlendsdóttir

---

Steinþór Þórðarson

---

Inga Rut Hlöðversdóttir

---